

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir	Tílfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
FE-1144 Fjarðalax hf. Patreksfjörður og Tálknafjörður (endurúttekið)	Strandgötu 43 460 Tálknafjörður	Silja Baldvinsdóttir Gæðastjóri Rolf Ørjan Nordli Yfirmaður sjódeildar Nikolas Tzamouranis Biological controller Hlynur Freyr Halldórsson og Jónas Snæbjörnsson Svæðisstjórar	Annað	8.5.2020	19.10.2020	6,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 4 skoðunatriða af 22. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 1 skoðunatriði, þar af 0 Alvarleg frávik og 1 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

30.11.2020

Alvarlegt frávik

Frávik

5.1.6 Gæðahandbók sjókvíaldisstöðva

Aðrar athugasemdir

**Tílfni:** Matvælastofnun barst tilkynning frá Arnarlaxi þann 15. apríl sl. um að gat hefði uppgötvast á botni kvíar nr. 13 á Eyri í Patreksfirði.

Fundað var með starfsmönnum Arnarlax á fjarfundi og farið yfir atvikalýsingu og viðbrögð fyrirtækisins. Einungis var um rafrænt eftirlit að ræða.

**Atvikalýsing:** Að morgni 15. apríl 2020 uppgötvast gat á botni kvíar nr. 13 á Eyri. Við reglubundið eftirlit með kvínni var ljóst að eitthvað var að lift-up búnaði og kallað var eftir aðstoð kafara. Við köfun mátti sjá 1x1 m stórt gat á botni kvíarinnar. Lift-up búnaður var í kjölfarið fjarlægður og gert var við gatið. Skv. gögnum frá Arnarlax voru 99.351 laxar í kvínni þann 15.4.2020.

Viðbragðsáætlun var fylgt, Fiskistofa, Matvælastofnun, sveitarfélag og veiðifélög voru upplýst og net sett út í samráði við Fiskistofu. Ekkert veiddist í net og voru þau fjarlægð 5 dögum síðar. Síðasta köfun áður en gatið uppgötvaðist fór fram 18. mars og voru engar athugasemdir gerðar í þeirri köfun.

Orsök gatsins er óljós en ábyrgðarmenn Arnarlax telja að slæmt veður hafi valdið því að lift-up búnaður hafi nuddast við nótarpokann og myndað gat. Einnig höfðu nýlega verið töluverð afföll sem gætu hafa valdið álagi á búnaðinn.

**Niðurstaða:** Fyrirtækið fylgdi viðbragðsáætlun sinni vegna slyasleppinga og brást við á viðeigandi hátt skv. reglugerð. Fyrirtækið uppfyllti tilkynningaskyldu sína með því að upplýsa Matvælastofnun, Fiskistofu, sveitarfélag og nærliggjandi veiðifélög um atvikið.

Skv. gögnum frá Arnarlax má sjá að í kví 13 munar 23.366 fiskum frá því sem var sett út í kvínni og fjölda fiska sem slátrað var upp úr kvínni.

Ekki er ljóst hvort þessi skekkja sé tilkomin vegna slyasleppingar eða vegna mögulegrar skekkju í talningu. Fyrir í mánuðinum var tilkynnt um gat á kví Arnarlax í Hringisdal, en þá munaði 10.906 löxum á áætluðum fjölda daginn sem gat uppgötvaðist miðað við sláturtölur upp úr kvínni. Ljóst er að mun fleiri fiska vantar upp á í kví 13 á Eyri þrátt fyrir að ekki hafi verið sambærileg afföll þar og á kynslóðinni í Hringisdal.

Arnarlax telur sig geta skýrt þennan mun á fjölda fiska með því að:

1. Færri fiskar hafi verið settir út í kví en kemur fram á heilbrigðisvottorði frá sérgreinadýralækni fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun.
2. Talning á afföllum hafi ekki verið fullnægjandi á eldistímanum
3. Of lágt mat hafi verið lagt á fjölda dauðra fiska daginn sem gatið uppgötvaðist og að meira magn af dauðfisk hafi fallið í gegnum gatið en talið var í upphafi, þar sem gatið var á botni kvíarinnar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 **er þér veittur 14 daga frestur** frá dagsetningu þessarar **skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Andmæli berist skriflega** sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á **mast@mast.is**.

#### Starfsstöð

Fjarðalax hf. Patreksfjörður og Tálknafjörður  
(endurútgafið)  
Strandgötu 43  
460 Tálknafjörður  
Staða: Í gildi  
Kennitala: 6411091770

#### Starfsemi

Frumframleiðsla - þáttur VI - AE - Áframeldi - 1

#### Tengiliðir

Silja Baldvinsdóttir	6167815	silja@arnarlax.is	Gæðastjóri
Fjarðalax ehf.	004795820104	ron@arnarlax.is	Yfirmaður sjódeildar

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

---

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

5.1.6 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

Frávik

Sett inn: 13.11.2019

1. Árlegur fundur með starfsmönnum þar sem farið er yfir innihald gæðahandbókar er ekki haldinn.

Skv. viðauka III í reglugerð nr. 1170/2015 skal árlega halda fund með starfsmönnum þar sem farið er yfir innihald gæðahandbókar og kynntar breytingar og nýjar áherslur sem gerðar hafa verið. Þáttöku starfsmanna skal skrá í þjálfunarskrá.

2. Kominn tími til að uppfæra eldissvæði og staðsetningar í gæðahandbók en þar eru mörg eldissvæði tilgreind sem eru ekki leyfileg eldissvæði skv. rekstrarleyfi.

Skv. viðauka III í reglugerð nr. 1170/2015 skulu heiti starfsstöðva og hnit koma fram í gæðahandbók. Einnig skal vera til staðar kort sem sýnir staðsetningu sjókvíaeldisstöðva.

**Eftirfarandi skoðunaratriði voru skoðuð og lagfærð frá síðustu skoðun**

3.1.5 Eldissvæði

3.1.7 Framkvæmd flutnings

5.1.5 Innri úttekt - sannprófun sjókvíaeldisstöðva

### Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr.1170/2015 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.

### Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:

#### LS = Lagfært á staðnum:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvíkið það lítilfjórlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

#### F = Frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða. Skoðunarmaður metur umfang og alvarleika athugasemdar og metur frest til úrbóta út frá gefnum forsendum.

#### A = Alvarlegt frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur alvarlega frá ákvæðum laga, reglugerða, rekstrarleyfis eða þegar augljós hættu á slysasleppingu er fyrir hendi. Úrbótum skal ljúka að hámarki innan 7 virkra daga, en ef athugasemdin gefur tilefni til, er gripið til þvingunarúrræða strax. Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

#### Eftirfylgni-, þvingunaraðgerðir:

Ef athugasemd sem fékk LS eða sambærileg er aftur til staðar í næstu skoðun, fær athugasemdin dæminguna F. Verklag eftirlitsmanna MAST er sem hér segir, þegar úrbætur eru ekki gerðar innan tilskilinna fresta.

#### Athugasemd með F dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Úrbótum skal ljúka fyrir tilskilinn frest sem fram kemur í skoðunarskýrslu. Frestur til úrbóta er að hámarki 3 mánuðir, nema að um verulega umfangsmiklar framkvæmdir sé að ræða.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Veita má viðbótarfrest til úrbóta til skamms tíma, þó að hámarki 1 mánuð. Skoðunaratríði fær enn dóminn F en jafnframt er dæmt A í skoðunaratríði 6.1. Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008)
- Heimsókn 3 – eftirfylgni: Skoðunaratríði fær dóminn F en dæmt er A í 6.1. Veittur er frestur lengst til 7 daga, andmælaréttur er veittur á vettvangi. Eftir það fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og þvingunar-eftriflygniferill (VRF-022) tekur við.

#### Athugasemd með A-dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Veittur frestur til úrbóta er lengstur 7 dagar, eða ef við á, fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli – lög nr. 71/2008). Andmælaréttur er veittur á vettvangi.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Skoðunaratríði fær dóminn A og jafnframt er dæmt A í skoðunaratríði 6.1. Stjórnarsýslusvið MAST fær skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Stjórnarsýslusvið MAST fylgir eftir skoðunarskýrslu vegna endurkomu og sem inniheldur dóminn A í 6.1. Stjórnarsýslusviðið stýrir framkvæmd þvingunar. Stjórnanda er kynnt ákvörðun um þvingunaraðgerðir. Mál sem komast á þetta stig fá síðan lögformlega meðhöndlun hjá MAST. [VRF-022]

#### Þvingunaraðgerðir geta t.d. verið:

- Dagsektir
- Úrbætur á kostnað rekstrarleyfishafa
- Afturköllun rekstrarleyfis